



„Á hvaða róli erum við með skólann?“

Morgunverðarfundur Sambands íslenskra sveitarfélaga um skólamáli

12. október 2020

Áfram verður þráðurinn spunninn í kjölfar [Skólaþings sveitarfélaga 2019](#) á 2. morgunverðarfundum sambandsins um framtíðarskipan skólamála.

Fundurinn fer fram **mánudaginn 12. október nk. frá kl. 8:30-10:10**

Fundurinn fer fram í gegnum Microsoft Teams samskiptaforritið. Nauðsynlegt er að skrá sig á fundinn: <https://www.samband.is/vidburdir/morgunverdarfundur-um-skolamal/>. Þátttakendur fá sendan tengil að morgni fundardags og geta sent inn fyrirspurnir til frummælenda í gegnum spjallið á Teams.

8:30 Viðmiðunarstundaskrá – höft eða leiðsögn?

Lilja Dögg Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra og Magnús Þór Jónsson, skólastjóri Seljaskóla

Viðmiðunarstundaskrá grunnskóla hefur verið óbreytt frá 2011. Tilfni breytinga nú er mótun menntastefnu til ársins 2030 þar sem áhersla er á framúrskarandi menntun fyrir alla og að auka vægi móðurmáls og náttúrufræði til móts við viðmið nágrannaþjóða okkar. Er þörf fyrir slíka leiðsögn menntamálaráðuneytis eða er viðmiðunarstundaskrá orðin barns síns tíma?

9:10 Stapaskóli

Gróa Axelsdóttir, skólastjóri

Stapaskóli er nýjasti skólinn í Reykjanesbæ, byggður sem heildstæður skóli, leikskóli, grunnskóli, tónlistarskóli, frístundaskóli og félagsmiðstöð. Hann á jafnframt að geta þjónað grenndarsamfélaginu sem menningarmiðstöð. Stapaskóli ber þess merki að horft er til framtíðar um leið og kröfum samtímans er mætt.

9:30 Skóli í skýjum – „The Computer Says No“

Kristrún Lind Birgisdóttir, skólastjóri

„Í Ásgarði verður hið ómögulega mögulegt“, segir á heimasíðu Ásgarðs, grunnskóla á unglingsstigi fyrir nemendur sem eru reiðubúnir að finna sinn innri fjársjóð. Verkefni eru krefjandi þar sem markið er sett hátt og allir geta verið með. Námið er nemendamiðað og alfarið óháð staðsetningu, því „skólinn“ er í skýjunum. Til stóð að starfsemi hæfist í haust en...“the computer said no“. Hvað er til ráða?

09:50 Umræður og fyrirspurnir

Fundarstjórar: Svandís Ingimundardóttir og Þórður Kristjánsson

